



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð fyrir Viðskiptaráð Íslands (VÍ). Markmið hennar var að meta viðhorf forsvarsmanna stærri fyrirtækja til ýmissa þátta í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Könnunin fór fram dagana 13.-31. janúar 2011. Þýði fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri var fengið hjá CreditInfo. Úr því var tekið 600 fyrirtækja úrtak. Auk þess var bætt við fyrirtækjum sem eru aðilar að VÍ en voru ekki í úrtakinu. Alls voru því 720 forsvarsmenn í úrtakinu. Allir þátttakendur fengu sendan rafrænan spurningalista í tölvupósti. Send var áminning fjórum sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Hringt var í þá sem ekki svöruðu eftir áminningu og þeim boðið að svara í síma. Þeir sem höfðu ýmist hætt starfsemi eða áttu ekki að vera hluti af úrtaki voru 26.

SVÖRUN

Upphaflegt úrtak: 720

Eiga ekki að vera hluti af úrtaki: 26

Endanlegt úrtak: 694

Náðist ekki í/svara ekki: 302

Fjöldi svarenda: 392

Svarhlutfall: 56,5%

Reykjavík 4. febrúar 2011

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Kristján Ketill Stefánsson

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.


Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.



Sp4. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að komið verði á fót efnahagsráði sem yrði óháð stjórnvöldum og myndi sjá um spágerð og greiningarvinnu til þess að efla upplýsingamiðlun um stöðu efnahagsmála?

	Fjöldi	%
■ Mjög hlynnt(ur)	119	33,9
■ Frekar hlynnt(ur)	96	27,4
■ Í meðallagi hlynnt(ur)/andvíg(ur)	101	28,8
■ Frekar andvíg(ur)	15	4,3
■ Mjög andvíg(ur)	20	5,7
Gild svör		351 100,0

	Fjöldi	%	Meðaltal	3,8
Gild svör	351	89,5	Staðalfrávik	1,1
Svara ekki	41	10,5		
Heildarfjöldi	392	100,0		



Rúmlega 61% forsvarsmanna fyrirtækja er hlynnt (mjög eða frekar) því að komið verði á fót efnahagsráði sem yrði óháð stjórnvöldum en 10% eru andvíg því. Næstum 29% eru þar á milli. Meðaltalið á kvarðanum 1-5 er 3,8 sem sýnir einnig að menn eru þessu mun hlynntari en andvígir.

Á næstu síðu eru svör forsvarsmanna greind eftir bakgrunni fyrirtækis, en engin tengsl teljast marktæk í töflunni.



Sp4. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að komið verði á fót efnahagsráði sem yrði óháð stjórnvöldum og myndi sjá um spágerð og greiningarvinnu til þess að efla upplýsingamiðlun um stöðu efnahagsmála?

	Gild svör	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Í meðallagi hlynnt(ur)/ andvíg(ur)	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)		
Starfsmenn								
19 eða færri	124	32,3%	32,3%	23,4%	4,8%	7,3%		3,8
20-49	85	35,3%	28,2%	30,6%	1,2%	4,7%		3,9
50-99	52	26,9%	21,2%	38,5%	5,8%	7,7%		3,5
100 eða fleiri	84	40,5%	23,8%	27,4%	4,8%	3,6%		3,9
Ársvelta								
Undir 400 milljónum	99	34,3%	30,3%	21,2%	6,1%	8,1%		3,8
400-999 milljónir	84	27,4%	28,6%	36,9%	2,4%	4,8%		3,7
1000 milljónir eða hærrí	147	40,8%	23,1%	27,2%	3,4%	5,4%		3,9
Höfuðstöðvar								
Höfuðborgarsvæði	268	35,1%	25,7%	29,1%	4,9%	5,2%		3,8
Landsbyggð	75	30,7%	33,3%	26,7%	1,3%	8,0%		3,8
Starfsgrein								
Smásala/heildsala	80	33,8%	23,8%	30,0%	6,3%	6,3%		3,7
Opinber stjórnýsla	12	50,0%	33,3%	16,7%	0,0%	0,0%		4,3
Fiskvinnsla og útgerð	20	20,0%	35,0%	30,0%	0,0%	15,0%		3,5
Matvælaframleiðsla	89	33,7%	31,5%	28,1%	2,2%	4,5%		3,9
Orku-/umhverfisst./flutn.	15	26,7%	20,0%	46,7%	6,7%	0,0%		3,7
Þjónusta	113	34,5%	27,4%	28,3%	5,3%	4,4%		3,8
Markaður								
Neytendamarkaður	47	42,6%	21,3%	27,7%	6,4%	2,1%		4,0
Fyrirtækjamaður	106	32,1%	33,0%	30,2%	2,8%	1,9%		3,9
Hvoru tveggja	189	33,3%	25,4%	28,0%	4,2%	9,0%		3,7
Alþjóðleg viðskipti								
Mikil	176	33,0%	28,4%	29,0%	4,0%	5,7%		3,9
Í meðallagi	44	29,5%	25,0%	29,5%	9,1%	6,8%		3,6
Lítill/engin	125	38,4%	25,6%	28,0%	2,4%	5,6%		3,8

*Marktækur munur á milli hópa skv. kí-kvaðrat prófi, ($p < 0,05$).